

Fundargerð 50. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2020, miðvikudaginn 10. júní kl. 11:00 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðrún Sigurðardóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Ólafur Þór Ólafsson og Rannveig Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, María Ingibjörg Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem jafnframt ritaði fundargerð og Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur.

Friðrik Már Sigurðsson boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kynning á fjárhagslegum og hagrænum áhrifum samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. - 2001001SA

Undanfarin tvö ár hefur farið fram margþætt vinna við endurskoðun á félagslegri umgjörð um málefni barna. Nú liggur frammi í samráðsgátt frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, auk tveggja frumvarpa um breytingar á stofnanafyrirkomulagi á málefna sviði félagsmálaráðuneytisins. Frumvörpin eru nú í samráðsgátt stjórnvalda og bíða umsagna.

Félagsmálaráðuneytið fékk Björn Brynjólf Björnsson hagræðing og sjálfstætt starfandi ráðgjafa til að leggja mat á fjárhagsleg og hagræn áhrif á lagasetningu um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Björn kynnti niðurstöður sinnar greiningar og svaraði spurningum fundarmanna, ásamt Önnu Tryggvadóttur og Halldóru Dröfn Gunnarsdóttur sérfræðingum í félagsmálaráðuneytinu. Þar sem málefnið er þverfaglegt tóku fulltrúar í fræðslumálanefnd sambandsins og sérfræðingar í fræðslumálum þátt í fundinum undir þessum lið.

Í máli Björns kom fram að einn útgangspunktur í áhrifamati frumvarpsins er að greina samfélagslegan kostnað áfalla í barnæsku, sem á Íslandi er áætlaður í kringum 100 milljarðar kr. á ári, og væntan ávinning ef dregið er úr þeim áhrifum með bættum forvörnum, snemmbærum stuðningi og samþættri velferðarþjónustu. Hann lýsti síðan aðferðafræði til að meta áhrif úrbóta sem lagðar eru til í frumvarpinu en fram kom að þau raungerist eðli máls samkvæmt á löngum tíma, þ.e. yfir allt æviskeið þeirra einstaklinga sem upplifa ávinning af breytingum. Að 50 árum liðnum geti ábati hins opinbera numið um 9 milljörðum kr. á ári. Björn fór einnig yfir kostnaðarlið frumvarpsins. Strærsti kostnaðarliður er aukinn launakostnaður þjónustuveitenda vegna tengiliða, málstjóra, stuðningsteyma og aukinna forvarna. Á móti geti komið kostnaðarlækkun vegna minni stuðningsþarfa. Árlegur brúttó heildarkostnaður er áætlaður um 1.300 milljónir kr., þar af um 950 milljónir á sveitarstjórnarstigi. Þessar niðurstöður þurfa þó frekari rýni, bæði af hálfu ráðuneyta og sambandsins, og líklegt að þessar

kostnaðartölur muni hækka umtalsvert. Heilt yfir sé þó ótvírætt um afar arðbært fjárfestingarverkefni að ræða fyrir hið opinbera í heild.

Fram komu óskir um að framlengja umsagnarfrést um frumvarpið og mun ráðuneytið taka þær óskir til skoðunar.

2. Húsnæðismál - Úthlutun stofnframlaga, könnun á sérstökum húsnæðisstuðningi sveitarfélaga. - 1607020SA

Tryggvi Þórhallsson fór yfir forsendur við úthlutun stofnframlaga árið 2020 og sagði frá könnun sem send verður til sveitarfélaga vegna sérstaks húsnæðisstuðnings. Einnig var lögð fram til kynningar bókun skipulagsmálanefndar sambandsins um sama málefni frá 8. júní sl., þar sem skorað er á ríkið að auka fjárheimildir til stofnframlaga á þessu ári. Tryggvi gerði einnig grein fyrir fyrirhugaðri könnun um framkvæmd húsnæðisstuðnings og mögulega samþættingu almennra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings. Nefndi samþykkti svohljóðandi bókun:

Félagsþjónustunefnd tekur undir bókun skipulagsmálanefndar frá 8. júní sl. og leggur áherslu á mikilvægi stofnframlaga til að auka framboð húsnæðis fyrir fjölskyldur og einstaklinga sem ekki hafa tök á að sjá sér fyrir húsnæði vegna lágra launa, þungrar framfærslu eða annarra félagslegra aðstæðna. Nefndin skorar á ríkið að bæta fjármunum í kerfið við úthlutun stofnframlaga á þessu ári.

3. Samræmd móttaka flóttafólks. - 1903021SA

Erna Kristín Blöndal skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti var gestur fundarins til að ræða stöðu lagafrumvarps um samræmda móttöku flóttafólks og væntanleg næstu skref til innleiðingar. Fram hafa komið hugmyndir um að fara í reynsluverkefni með nokkrum sveitarfélögum ef tafir verða á samþykkt lagabreytinga. Fram kom að líkur eru á því að frumvarpið verði að lögum á næstu vikum. Umræða varð um einstaka þætti frumvarpsins, m.a. um svonefndan viðlagasjóð sem sveitarfélög geti sótt í til að mæta þungum tilvikum sem fara langt umfram normkostnað. Af hálfu ráðuneytisins var lýst jákvæðri afstöðu gagnvart þátttöku í reynsluverkefni sem hefjist sem fyrst.

Í tengslum við þennan lið greindi Erna einnig frá stöðu félagslegra aðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum COVID-19 faraldursins. Áhersla hefur verið á að stjórnvísla þessara verkefni verði sem einföldust.

Nefndin samþykkti svohljóðandi bókun um frumvarp um breytingar á lögum um útlendinga:

Félagsþjónustunefnd leggur mikla áherslu á að áform um sjóð til að mæta sérstaklega íþyngjandi kostnaði við móttöku flóttafólks nái fram að ganga. Brýnt er að ná sameiginlegum skilningi um markmið slíks sjóðs og að ákvæði um hann verði þáttur í fyrirhuguðum lagabreytingum.

4. Samskipti við sveitarfélög vegna málefna hjúkrunar- og dvalarheimila 2020-2022 - 2001028SA

Sambandið boðaði til fundar til þess að fara yfir stöðu hjúkrunarheimila sem rekin eru af sveitarfélögum eða með mikla tengingu við sveitarfélög. Markmið fundarins var að fá upplýsingar um viðhorf og mat sveitarfélaga á fjárhagslegri stöðu þessara heimila og til hvaða úrræða sé hægt að grípa í viðræðum þeirra við heilbrigðisráuneytið. Valgerður Freyja Ágústsdóttir og Tryggvi Þórhallsson gerðu grein fyrir stöðu verkefnisins. Nefndin samþykkti svohljóðandi bókun:

Félagsþjónustunefnd hvetur til samstöðu meðal sveitarfélaga í viðræðum þeirra við ríkisvaldið um rekstur og uppbyggingu hjúkrunarrýma. Mjög áriðandi er að ríkið gæti jafnræðis sem viðsemjandi og á grundvelli heildarstefnu um heilbrigðisþjónustu sem tryggir öllum landsmönnum jafnt aðgengi að þjónustu. Óboðlegt er að ríkið neyti aflsmunar í samskiptum við einstök sveitarfélög með því að þvinga upp á þau ábyrgð á framkvæmd þjónustu sem ekki er lögbundið verkefna sveitarfélaga.

Heiða Björg Hilmisdóttir vék af fundi kl. 12.50.

Fundi var slitið kl. 13:00

Guðrún Sigurðardóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Rannveig Einarsdóttir